

“Góðir hlutir gerast” Fagvitund í fyrirrúmi

Maí 2011 20.tlb



Kæru formenn

Skráningu á landssambandsþingið lýkur 30. apríl og ég vona að þið hafið hvatt konur til að mæta á það. Þetta er mikilvægur hluti af starfsemi samtakanna og nokkurskonar uppskeruhátíð. Dagskrá þingsins er metnaðarfull, hefst á andlegri næringu og endar á léttari nótunum, en þó full af fróðleik.

Hátíðardagskrá kvöldsins lofar einnig góðu og þetkonur hafa staðið sig afar vel í undirbúningnum og eiga heiður skilið. Þær hafa dreift vinnunni á vinnunefndir sem hafa unnið frábærlega og Guðbjörg haldið vel utan um þetta allt. Ég fór og hitti þær í vikunni og líst mjög vel á þetta allt.

Þær hafa fengið afar gott tilboð á Hótel Keflavík og mun örugglega borga sig að gista frekar en að keyra á milli.

Framkvæmdaráðsfundur hefst 6. maí kl. 19 og munum við fara yfir framkvæmdaáætlunina fyrsta klukkutímann, en ég set hana yfirfarna á netið og bið ykkur um að kynna ykkur hana til að við getum átt góðar umræður. Seinni klukkutímann munum við ræða starfið í vetur, líta til baka og fram á við. Á framkvæmdafundinn hef ég boðið formönnum nefnda og fyrrverandi forsetum að sitja sem áheyrnarfulltrúar. Þannig náum við að tengja saman reynslu og þekkingu við nútímann.

Klukkan 21 slítum við fundi til að geta átt notalega samverustund, en það heiðra okkur fjórar erlendar konur. Dr. Dr. Carolyn Rants er okkar alþjóðlegi gestur, en hún er fráfarandi Alþjóðaforseti. Kate York Evrópuforseti mun koma þó hún stoppi stutt. Síðan koma tvær aðrar DKG konur frá Evrópu.

- Ég vona að deildarformenn hafi skilað skýrslum til Ingibjargar Auðunsdóttur, ingibj@unak.is. Ég lýsti þessari skýrslu í síðasta bréfi.
- Nefndarformenn flytja sínar skýrslur á aðalfundinum og skila henni síðan til Ingibjargar Auðunsdóttur.
- Meðlimir í alþjóðanefndum flytja örstutt ávörp á aðalfundi um sína nefnd.

Eftir aðalfundinn verður seinni hluti framkvæmdaráðsfundar kl. 13:30. Þá þarf ég að fá frá formönnum deilda hve margar stjórnarkonur muni mæta og geta tekið þátt í sérfundum fyrir gjaldkera, ritara, vefstjóra og formenn. Nauðsynlegt er að fá þetta sem fyrst, til að við getum skipulagt dagskrána.

Ég vona að þið hafið kynnt ykkur endurskoðuð lög og reglugerð, sem ég nefndi í síðasta bréfi.

Evrópuþingsfarar, eða þeir sem ætla á þingið í Baden Baden í ágúst, munu hittast 11. maí í Perlunni kl. 17. Þar verður rætt um ferðina út og skráningu á þingið. Við munum setja upplýsingar á vefinn þar að lútandi.

Mý deild var stofnuð 26. apríl í Þelamerkurskóla í Eyjafirði. Óskum við útbreiðslunefndinni til hamingju með árangurinn og bjóðum nýja deild velkomna. Þetta er önnur deildin sem stofnuð er á vetrinum og er hún 12. deild samtakanna á Íslandi.

Minnið konur á að gefa kost á sér til nefndarstarfa næstu tvö ár. Það er afskaplega gefandi og skemmtilegt. Sendið inn tillögur frá ykkar deildum fyrir 5.maí.



Maí 2011						
Má	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau	Sun
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29
30	31					


Júní 2011						
Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau	Sun
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30			

Á döfinni:

- 6. maí Framkvæmdaráðsfundur fyrri hluti
- 7.- 8. maí Landssambandsfundur / Aðalfundur
- 8. maí Framkvæmdaráðsfundur seinni hluti
- 11. maí Baden Baden farar hittast kl. 17 í Perlunni

Eindagar

- 5. maí Lokadagsetning um tillögur til starfa í nefndum
- 31. maí Lokadagsetning að tilkynna sig á Forum preworkshop á Evrópuþinginu



Með systrakveðju,
Ingibjörg Jónasdóttir
landssambandsforseti DKG